

Akureyri, 18. apríl 2008.

Ágætu Betasystur.

Eins og komið hefur fram á vef deildarinnar, þá erum við Ragnheiður Stefánsdóttir að fara í gegnum gömul gögn deildarinnar, flokka og sortera, í þeim tilgangi að koma þessum gögnum á Héraðsskjalasafnið.

Við höfum þegar farið í gegnum þau fréttabréf sem okkur hafa borist frá ykkur og hafa margar átt gömul eintök í fórum sínum. Ég hygg að ekki halli á neinn þegar sagt er að stærsta safnið kom frá Jóhönnu S. Þorsteinsdóttur, sem er einn af stofnfélögunum eins og við vitum.

Þá fórum við einnig í gegnum útgefin félagatöl og þar vantar eitthvað inn í.

Við þessa yfirferð kom í ljós að eitthvað vantar af fréttabréfum í safnið, en þó í raun ótrúlega lítið. Það vakti athygli okkar að margar áttu sömu eintökin, og verið getur að í sumum tilvikum hafi aðeins komið út eitt eintak af fréttabréfinu einhver árin. Hér fyrir neðan fylgir listi yfir þau eintök sem vantar í safnið.

Það er von okkar að þið kíkið nú enn frekar í kassa, skápa, skúffur, koppa og kirnur í fórum ykkar og athugið málið og leitið um leið eftir öðrum Betagögnum. Það er fengur í öllu og betra að láta starfsmenn safnsins ákveða hvað er mikilvægt að halda í.

Eftirfarandi fréttabréf vantar:

Ár:	Tbl.	Athugasemd:
1979	2. tbl.	1. tbl. 1. árg. kom út í júlí, við höldum e.t.v að ekki hafi komið annað tölublað það árið, en vitum það ekki.
1981	2. tbl.	Vitum ekki hvort 2. tbl. kom yfirleitt út og á það við annars staðar þar sem 2. tbl. vantar.
1984	1. og 2. tbl.	Ekkert fréttabréf fyrir árið 1984 er í gögnunum.

#### **Félagatöl:**

Til er félagatal yfir stofnfélaga í þremur fyrstu deildunum og fylgdi það Fréttabréfi, 1. árg. 1. tbl. 1979.

Eftirfarandi félagatöl vantar:

Alveg frá þessu fyrsta félagatali til og með 1991, 1994 (til er félagatal merkt 1992–1993), 1994, 1995 og 2001 eða fyrir þessi ár, e.t.v. eru einhver ár í sömu útgáfunni.

Við skorum því á ykkur að athuga málið og bregðast eins vel við og áður, ef eitthvað skyldi nú leynast enn þá í förum ykkar.

Bréfið er sent til ykkar í tölvupósti eða í bréfpósti eftir því sem við á, og einnig er erindið sett á heimasíðuna.

Gögnunum má koma til okkar eða stjórnarkvenna.

Ef til vill leitum við til ykkar á ný, þegar við förum að fara í gegnum önnur gögn en þau sem hér eru nefnd.

Bestu þakkir og kveðjur,

Anna Þóra og Ragnheiður Stefáns.